

Fundargerð 162. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 02. desember 2020, kl. 14.00, haldin í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Hrafn Hlynsson, varamaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður boðaði forföll.
Guðmundur Kristján Jónsson og Gréta Björg Blængsdóttir komu inn á fund undir lið nr. 2a.

1. *Til samþykktar.*

a. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

b. *Mission statement Kadeco.*

Framkvæmdarstjóri kynnti drög að mission statementi (hlutverki) Kadeco fyrir þróunarverkefni samstarfsaðilanna fjögurra, Ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar, á nærsvæðum Keflavíkurflugvallar. Umræður.
Máli frestað.

c. *Þjónustusamningur Fjármála- og efnahagsráðuneytis f.h. Ríkissjóðs Íslands og Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.*

Stjórnarformaður kynnti lokadrög þjónustusamnings milli fjármála- og efnahagsráðuneytis og Þróunarfélagsins sem gildir frá 1. janúar 2020 og fram til 31. desember 2024. Umræður.
Stjórn samþykkti framlagðan þjónustusamning.

2. *Til upplýsinga.*

a. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar.*

Inn á fundinn komu Guðmundur og Gréta.

Guðmundur kynnti fyrir stjórn þá ráðgjafa sem koma að þróunarverkefninu og kostnaðarliði vegna þeirra.

Framkvæmdastjóri fór yfir hliðaráætlun rekstraráætlunar sem framvegis mun heita framkvæmda- og kostnaðaráætlun verkefnisins. Stjórn þakkaði greinargóðar upplýsingar.

b. Minnisblað um samkeppnisform og tímarás verkefnisins.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn minnisblað um samkeppnisform og tímarás verkefnisins. Umræður. Stjórn þakkaði fyrir upplýsingarnar.

Guðmundur og Anna Steinunn véku af fundi.

3. Drög til kynningar.

a. Rekstraráætlun Kadeco 2021.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri kynntu drög að rekstraráætlun Kadeco fyrir árið 2021.

Stjórn óskaði eftir minnisblaði um helstu breytingar milli ára 2020 og 2021.

4. Önnur mál.

a. Niðurfærsla eignarhluta Kadeco í Keili.

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.

Undirritunarsíða

Steinunn Sigvaldadóttir

Ísak Ernir Kristinsson

Elín Árnadóttir

Einar Jón Pálsson

Reynir Sævarsson